

## L Ö G

um

breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi  
tíl kirkjugarðs í Reykjavík.

11  
4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-  
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,  
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

3. gr. laga nr. 38, frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykja-  
víkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup  
gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr.  
fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma,  
múra upp gröf eða kringum leiði, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern leg-  
stað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það, og þar  
að auki 40 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna  
í ríkissjóð.

## 2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því  
lögtaksrjettur.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

*Jón Magnússon.*